

# sikkens

## Wapex 660 Mat

### Mött vatnsþynnunleg epoxýmálning



#### Efnislýsing

Wapex 660 Mat er tveggja þátta vatnsþynnunleg epoxýmálning, ætluð til málunar á steypa fleti innanhúss, s.s. veggi og gólf. Wapex 660 Mat hefur einnig góða viðloðun við flisar. Hún er auðveld í notkun, þolir bleytu og kemísk efni vel, er höggþolin og slitsterk. Málningin er létt í þrifum, lyktarlítill, óeldfim og hentar sérlega vel í rýmum þar sem leysiefnamálning er ekki leyfð.

#### Meðhöndlun

##### Undirbúningur fyrir málun

Nýsteyp t gólf verða að hafa staðið og harðnað í a.m.k. 28 daga, nema birginn gefi önnur fyrirmæli. Tryggið að undirlagið sé nægilega þurr (< 5% rakastig), fast í sér og ekki duftsmítandi. Fjarlægjið ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi. Áður málað, slétt og/eða þétt yfirborð skal slípa matt, sandblása eða sýruþvo til að tryggja viðloðun. Mattið flisar með sandpappír nr. 200-220 og fjarlægjið síðan slípiryk.

**Blandið vandlega saman efnunum úr dósunum tveimur (stofni og herði).** Notið til þess hæggenga borvél með þeytara, á u.þ.b. 200 rpm. Athugið að notkunartími efnis við 20°C er um 60 mínútur eftir blöndun.

Ómáluð steinsteypa: Grunnið með Wapex 660 Mat blöndunni þynntri um 20% með vatni. Látið þorna og gerið svo nýja blöndu þynnta með 5-10% vatni og málið tvær umferðir með henni.

Málun áður málaðra veggja: Málið eina eða tvær umferðir með Wapex 660 Mat blöndunni þynntri með 5-10% vatni.

Málun flísa: Grunnið með Wapex 660 Mat blöndunni þynntri með 5-10% vatni. Málið síðan eina umferð nær óþynnta (með 5% vatni).

Málun áður málaðra gólfa: Málið tvær umferðir með Wapex 660 Mat blöndunni þynntri með 5-10% vatni. Ef óskað er eftir hálkuvörn þarf að hræra kornum/sandi saman við blönduna í fyrri umferð. Málið síðan yfir með Wapex 660 Mat blöndu þynntri með 5-10% vatni.

#### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

#### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Tegund:** Epoxy

**Gljástig:** Matt

**Yfirborðshiti við málun:** 10-30°C, minnst 3% yfir daggarmarki

**Rakastig:** Mest 85%

**Þurrefni:** Í blöndu: Um 50% af rúmmáli og 63% af vigt

**Þéttleiki:** Í blöndu: 1,2-1,4 kg/dm<sup>3</sup>

**Ráðlögð þykkt:**

Á vegg: Þurr: 50 míkrón, blautt: 100 míkrón.

Á gólf (sandlaust lag): Þurr: 80 míkrón, blautt: 160 míkrón

Á gólf (sandfyllt lag): Þurr: 125 míkrón, blautt: 250 míkrón

**Þurrktími við 20°C/65% raka:** Má ganga á eftir 8 klst. Yfirmálun: Minnst 16 klst.; mest 72 klst.

Flötur nær fullum slitstyrk eftir minnst 7 daga

**Þynning:** Vatn; 5-10% á áður málaðan flöt; 20% við grunnun á ómálaðri steinsteypu

**Verkfæri:** Penslar, rúllur

**Blöndunarhlutfall:** Þáttur A (stofn) 80% af rúmmáli. Þáttur B (herði) 20% af rúmmáli

**Þekja:** 50 míkróna þurr umferð: 8 m<sup>2</sup>/l. 80

míkróna þurr umferð: 3,5-5,5 m<sup>2</sup>/l. (Málningarmagn fer töluvert eftir undirlagi, málningaraðferð og kornastærð sands)

**Notkunartími blöndu:** Um 60 mín. við 20°C og 30 mín. við 30°C. eftir samblöndun stofns og herðis (þættir A og B). Eftir þennan tíma er

varan ekki lengur nothæf. Merki um að svo sé felst í aukinni seigju og að efnið byrji að skilja sig

**Slitþol (DIN 65182):** Sandlaust kerfi: 70+/-10 mg / 1000 snúningar (CS hjól 17/1 kg þrýstingur

**Litur:** Hvítur og margir aðrir litir

**Pakkningar:** 1 og 5 lítra dósir (stofn og herði)

**Geymsla:** Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/j) 140 g/l (2007), 140 g/l (2010). Inniheldur mest 10 g/l

Varan er í samræmi við **BREEAM HEA 9**



SÉREFNI

Síðumúla 22 | Sími 517 0404 | serefni.is